lesbók | íslensk menning 2007

Þrjár ljóðabækur

Eftir Öldu Björk Valdimarsdóttur
alda@hi.is

Mig langar til að nefna þrjár ljóðabækur sem komu allar út 2006 og eru eftir margverðlaunuð skáld.

The Book of Blood eftir bresku skáldkonuna Vicky Feaver er blóðug eins og titillinn gefur til kynna en ljóð hennar fjalla gjarnan um öfgakenndan kvenleika sem er í senn skynrænn og ofbeldisfullur. Konurnar í ljóðum hennar eru bæði færar um að fæða og myrða. Feaver er ekki afkastamikið skáld en eftir hana hafa komið út þrjár ljóðabækur á aldarfjórðungi. Að skrifa, segir Feaver, er eins og að fara yfir gljúfur. Reynslan, sagan eða hugmyndirnar eru á einum stað en ljóðið á öðrum.

Averno er tíunda ljóðabók bandarísku skáldkonunnar Louise Glück. Hún vinnur gjarnan með klassískar goðsögur, ævintýri og Biblíuna. Ljóð Glück, sem fjalla um höfnun, skort og einangrun, eru flóknari en þau virðast við fyrstu sýn en hún leggur mikið upp úr einföldu tungumáli og beinum myndum. *Averno* er staður við Napólí sem Rómverjar til forna töldu vera innganginn að undirheimum. Í bókinni endursegir Glück m.a. goðsöguna um Persefónu: „Hvernig get ég umborið jörðina?“ spyr Persefóna þegar hún er neydd til að snúa til baka.

Bandaríska skáldið Franz Wright beinir augum að hinu smáa og sagt hefur verið að hann skrifi epískar frásagnir á eldspýtustokka. Ljóðin í *God's Silence* eru ljúfsár og tragíkómísk, ljóðmælandinn hæðist af sjálfum sér, stendur berstrípaður og varnarlaus. Þetta eru kómískar sögur sem einkennast af sjálfsgreiningu, spádómum og jafnvel heimsendaþrá.

Höfundur er bókmenntafræðingur.




Gott „Gott kvikmyndaár byrjaði með frumsýningu á Litla ungfrú sólskin,“ segir Sigríður Pétursdóttir.

Draumkennd ferðalög

Eftir Guðna Tómasson
gudnit@ruv.is

Minnið er svikult þegar kemur að því að spóla aftur myndlistarárið 2007 en þó eru einhverjar myndir sem sitja eftir í huganum. Listasafn Reykjavíkur átti gott ár eins og reyndar Listasafn Íslands líka. Franski listamaðurinn Pierre Huyghe bauð upp á gríðarlega heillandi draumkennd ferðalög í myndböndum sínum í Hafnarhúsinu á frönsku menningarvori, sýning sem var tæknilega fullkomin og sýnir manni hve mögnuð vídeolistin getur verið. Á sama stað náðu tvær gerðir verka á sýningu Roni Horn að dáleiða augað illilega. Annars vegar náði númeraður texti að teyma sjónina niður í svarta iðustrauma Thames árinnar í seríunni *Still Water* og þar með djúpt inn í hugann. Hins vegar buðu náskyldir rauðglærir og hyldjúpir glerkubbar upp á töfralandslag á botni sem var í senn nálægur og óendanlega fjarlægur. Sýningin Ó-Náttúra í Listasafni Íslands hrærði upp í hugmyndum manns um náttúrusýn íslenskra listamanna og það var listilega vel samsett sýning. En allt þetta skaut þó Ragnar Kjartansson í kaf undir lok árs með sýningu í Nýló sem bar stóra nafnið Guð. Bleikur, dáleiðandi og hjartakremjandi heimur Ragnars í þessu flotta verki mun lifa í minninu, þar var á ferðinni þvílíkt ljúf eymd. Ragnar hefur rétt fyrir sér að sorgin sigrar hamingjuna og hann verður landi og þjóð til sóma á Feneyjatvíæringnum.

Höfundur er umsjónarmaður Víðsjár á Rás 1.



Stendur upp úr „Það eru að sjálfsögðu tónleikar Dimitris Hvorostovsky sem standa upp úr í tónlistinni á árinu,“ segir Arndís Björk Ásgeirsdóttir.



Að fæða og myrða The Book of Blood er eftir bresku skáldkonuna Vicky Feaver en konurnar í bókum hennar eru bæði færar um að fæða og myrða.

Heillandi „Pierre Huyghe bauð upp á gríðarlega heillandi draumkennd ferðalög í myndböndum sínum í Hafnarhúsinu,“ segir Guðni Tómasson.

Morgunbla

Besta kvikmyndahátíðin

Eftir Sigríði Pétursdóttur
sigridp@ruv.is

Árið 2007 var gott kvikmyndaár. Það byrjaði með stofnun Græna ljóssins sem frumsýndi gleðigjafann *Litlu ungfrú sólskin* um meingallaða en sjarmerandi fjölskyldu sem fylgir dóttur sinni í barnafegurðarsamkeppni. Bleksvartur húmor í vel gerðri ádeilu á eitt ógeðfelldasta fyrirbæri samtímans. Óskarsfárið litaði febrúar en því miður fékk besta myndin, *Babel*, ekki verðlaunin. *Ég elska þig París*, 18 örsögur eftir 20 leikstjóra, var falleg – saga Coen-bræðra er minnisstæðust. Á vormánuðum var Fjalaköttinum endurvakinn og aðsókn kom ánægjulega á óvart. Fyrsta mynd haustsins sem náði athygli minni var *Aðskilin* (*Away From Her*) eftir Söru Polley, þroskað byrjendaverk með framúrskarandi leik og greinilegum áhrifum frá Atom Egoyan. Hápunktur ársins var svo besta kvikmyndahátíð sem haldin hefur verið hér á landi. Myndirnar á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni voru fjölbreyttar og hver annarri betri. Rúmenska myndin *4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar* kýldi áhorfendur í magann en andhverfa hennar, *Tómar* frá Tékklandi, var ekta vellíðunarræma. *Himinbrún* var líka góð og svo má ekki gleyma myndum byrjenda sem komu sannarlega á óvart, dönsku myndinni *Listin að gráta í kór*, *Gildrunni* frá Serbíu og *Heimsókn hljómsveitarinnar* frá Ísrael. Af íslenskum myndum nefni ég *Foreldra* Ragnars Bragasonar og Vesturports, sem er sterk, íslensk samtímasaga.



Höfundur er umsjónarmaður kvikmyndaþáttarins Kviku á Rás 1.

Sjö spökur

Eftir Helga Hafliðason
helgiha@simnet.is

Sigrún Eðvaldsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir fluttu af einstakri snilld *Seven Epigrams* (Sjö spökur) Hafliða Hallgrímssonar á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins í október. Því miður sáu fjölmiðlar sér ekki fært að fjalla um þennan viðburð.

Á sama vettvangi í nóvember flutti Tríó Nordica ásamt Pálínu Árnadóttur og Iben Bramsnes Teilmann píanókvintett eftir rússneska tónskáldið Sergey Taneyev sem var upp á sitt besta um aldamótin 1900 en náði ekki sömu hylli samtíðar sinnar og nemendur hans, t.d. þeir Rakhmaninoff og Prokofiev. Þetta verk Taneyevs er stórskemmtilegt og vonandi gefst kostur á að heyra meira af tónlist hans á næstunni.

Franski píanóleikarinn Desiré N'Kaoua leiddi okkur inn í hinn sérstæða tónaheim Ravels í Salnum m.a. með heillandi flutningi á hinu seiðandi verki *Gaspard de la nuit* og Víkingur Heiðar sýndi enn og aftur hvílíkur snilldarpíanóleikari hann er með flutningi á 3. píanókonsert Rakhmaninoffs ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rumons Gamba.

Þorgerður Ingólfsdóttir bætti enn einni rósinni í hnappagatið við flutning Hamrahlíðarkóranna á *Sálmasinfóníu* Stravinskís ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Thomasar Adès. Ég er ekki frá því að raddblær kóranna hafi verið eins nálægt hugmynd Stravinskís og hægt var að komast því að hugmynd hans var að láta barnakór syngja efri raddirnar enda þótt hann yrði að notast við fullorðinsraddir í þeim upptökum á verkinu sem hann stjórnaði sjálfur.

Höfundur er arkitekt.



Snilldarpíanóleikari „Víkingur Heiðar sýndi enn og aftur hvílíkur snilldarpíanóleikari hann er n